

gegn

(Guðmundur Ólafsson og Lárus Jóhannesson).

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. apríl 1929: Kærð, Marta Jónsdóttir, sæti einföldu fangelsi í 3 mánuði og greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 70 daga.

Kærður, Kristmundur Ólafsson, sæti einföldu fangelsi í 3 mánuði og greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 50 daga.

Pau Árni Árnason, Björn Magnússon, og Anna Jónsdóttir, greiði hvort um sig 600 króna sekt í sama sjóð einnig innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella hvort um sig í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 30 daga.

Kærð greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Að vísu er sala vína þeirra, er lög nr. 3/1923 leyfa ríkisstjórninni innflutning og sölu, á, hvergi bönnuð þeim, er þau vín hafa keypt í áfengisverzlun ríkisins, með berum orðum í reglugjörð nr. 67/1928, um sölu og veitingar þeirra vína, né heldur annarsstaðar, og þá eðlilega ekki heldur aðstoð við þá sölu. En það er bert af takmörkunum þeim, sem settar eru í 45. gr. áfengislaganna nr. 64/1928 og í ýmsum greinum reglugjörðarinnar um sölu áfengisverzlunarinnar á vínnum þessum, að ætlazt hefir verið til, að áfengisverzlunin mætti ein selja vín þessi.

Lögregluréttardómarinn hefir því réttilega talið verknað þeirra Kristmundar Ólafssonar og Mörtu Jónsdóttur varða við lög. Og þar sem fallast má á dóminn að því, er til þeirra tekur, ber að staðfesta hann að því leyti, þó þannig, að vararefsing Kristmundar verði 45 daga einfalt fangelsi og vararefsing Mörtu 50 daga samskonar fangelsi, enda teljist greiðslufrestur sekta þeirra frá birtingu dóms þessa.

Öðru máli gegnir um verknað þann, sem hin kærðu, Anna Jónsdóttir, Árni Árnason og Björn Magnússon, eru sökuð um. Að vísu er aðstoð við brot á áfengislögunum refsiverð samkv. 42. gr. áfengislaganna, en sú grein tekur ekki til hérúmraeddra vína. Heimildar til að refsa fyrir misbrúkun þeirra er ekki annarsstaðar að leita en í 2. gr. laga nr. 3/1923, í 45. gr. áfengislaganna og sérstaklega í nefndri reglugjörð. En í þessum ákvæðum finnst engin heimild, hvorki bein né óbein, til að refsa fyrir slíka aðstoð, sem hér ræðir um. Enda bendir 2. mgr. 38. gr. áfengislaganna, sem leggur refsingu við aðstoð við útlát lækna og lyfsala á áfengislyfjum, til þess, að jafnvel slík aðstoð hefði ekki verið refsiverð eftir 42. gr., án sérstaklega orðaðrar heimildar. Það verður því að sýkna hin kærðu, Árna, Björn og Önnu, af kærnu valdstjórnarinnar.

Samkvæmt þessum úrslitum verða þau, Kristmundur og Marta, að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, in solidum, þar á meðal 80 kr. til hvors, sóknara og svaramanns þeirra í hæstarétti, að undanskildum kostnaði af gæzluvarðhaldi Árna og varnarlaunum svaramanns hinna sýknuðu hér í rétti, sem ákveðin eru 80 kr., og greiðist hvortveggja þessa kostnaðar af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Anna Jónsdóttir, Árni Árnason og Björn Magnússon eiga að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar. Varðhaldskostnaður Árna og varnarlaun svaramanns nefndra kærðu fyrir hæstarétti, Lárusar málflutningsmanns Jóhannessonar, 80 kr., greiðist af almannafé.

Að öðru leyti skal lögregluréttardóminum óraskað, þó þannig, að vararefning Kristmundar Ólafssonar verði 45 daga einfalt fangelsi og vararefning Mörtu Jónsdóttur 50 daga samskonar fangelsi, enda teljist greiðslufrestur sektanna frá birtingu dóms þessa.

Pau Kristmundur og Marta greiði in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar, annan en að ofan getur, þar með talin sóknarlaun Sveinbjörns málflutningsmanns Jónssonar og varnarlaun svaramanns þeirra, Guðmundar málflutningsmanns Ólafssonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Mörtu Jónsdóttur, Bergstaðastræti 8 A., manni hennar Kristmundi Ólafssyni, sama stað, Önnu Jónsdóttur, sama stað, Árna Árnasyni, Spítalastíg 7, og Birni Magnússyni, Óðinsgötu 28, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64/1928, og reglugjörðar nr. 67/1928.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, og sannaðir með eigin jätningu ákærðra, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Tílefnið til þessa málareksturs er það, að nokkrir menn fóru um nýjárslæytið heim til þeirra Mörtu og Kristmundar og keyptu af þeim spánarvín. Lögreglan náði svo í menn þessa og skýrðu þeir henni frá því, hvar þeir hefðu fengið vinið. Eins og síðar upplýstist nánar, seldu þau hverja flösku á 10.00 krónur, en þau höfðu gefið kr. 7.00 fyrir flöskuna í áfengisverzluninni — venjuleg álagning var því um 3.00 krónur á flöskuna —.

Við athugun í bókum áfengisverzlunarinnar kom það í ljós, að þau hjónin höfðu í desembermánuði 1928 tekið út um 1396 flöskur. Þetta áfengi seldu þau hjónin með fyrnefndri álagningu hverjum, sem hafa vildi, eftir því sem þau hafa játtað. — En eftir áramótin fékk Marta, kærða í þessu máli, Önnu Jónsdóttir, til þess að koma í húsið til þeirra hjónanna og annast vinsöluna fyrir þau, en Árna Árnason og Björn Magnússon fékk hún til þess að taka út áfengið og flytja það heim. — Hve mikið áfengi hefir þannig verið selt frá 1. janúar til 11. febrúar er ekki fyllilega upplýst, en allt bendir til þess, að salan hafi verið viðlíka mikil eins eftir þennan tíma og áður. — Eftir 11. febrúar kveðst Kristmundur aðallega hafa annast söluna, og frá 11. febrúar til 16. þ. m. hefir Marta tekið út úr áfengisverzluninni 44 flöskur, Kristmundur 23 flöskur, Anna 25 flöskur, Árni 330 flöskur, Björn 466 flöskur, og eru það samtals 888 flöskur.

Björn flutti áfengi það, sem hann keypti, beint heim til Mörtu og Kristmundar, en vín það, sem Árni keypti, var flutt heim til Árna og geymt í húsinu nr. 7 við Spítalastíg, en þaðan flutti Björn það heim til þeirra hjónanna til sölu þar; gekk salan oftlega langt fram á nætur.

Það kemur greinilega fram í prófum málsins, að Marta Jónsdóttir og maður hennar Kristmundur Ólafsson eru aðalmennirnir í framkvæmd sölunnar, en Árni, Björn og Anna eru aðeins hjálparmenn. Anna selur oftlega áfengi, en eingöngu fyrir þau hjónin og án þess að fá annað fyrir það en fæði og húsnæði. Þeir Árni og Björn sækja vinið, kaupa það fyrir peninga, sem þau hjónin leggja til og fá litilfjörlega þóknun fyrir, ýmist peninga eða áfengi, að því er bezt verður séð, — enda skýra þeir svo frá.

Það er alkunna, að þau hjónin hafa næstum enga löglega atvinnu stundað núna 4—5 síðustu mánuðina, en hafa haft áfengissölu sér til lífsframfæris og því greinilega stundað hana sem atvinnu.

1. Marta Jónsdóttir hefir ^{24/10} 1928 í lögreglurétti Reykjavíkur undirgengizt 500 króna sekt fyrir áfengissölu.

2. Anna Jónsdóttir og Kristmundur Ólafsson hafa aldrei áður sætt neinni refsingu.

3. Árni Árnason hefir með dómi lögregluréttar Reykjavíkur, uppkveðnum ^{30/11} 1923, verið dæmdur í 200 króna sekt fyrir að geta ekki gjört grein fyrir áfengi, sem hann átti geymt í vörzlum annars manns.

4. Björn hefir ^{28/10} 1927 undirgengizt 400 króna sekt í lög-reglurétti Reykjavíkur fyrir áfengissölu.

Brot þeirra Mörtu Jónsdóttir og Kristmundar Ólafssonar ber að heimfæra undir 3. gr., sbr. 14. gr. reglugjörðar nr. 67/1928. Samkvæmt 32. gr. áfengislaganna þykir refsing þeirra, sem telja verður fullsannað, að hafi stundað áfengissölu sem atvinnu, hæfilega ákveðin 3 mánaða einfalt fangelsi og auk þess greiði Marta Jónsdóttir kr. 1500.00 í sekt í ríkissjóð, en Kristmundur kr. 1000.00 í sekt í sama sjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti Marta einföldu fangelsi í 70 daga, en Kristmundur í 50 daga í stað sektarinnar.

Brot þeirra, Árna Árnasonar, Björns Magnússonar og Önnu Jónsdóttir, ber að áleti dómarans að heimfæra undir 3. gr., sbr. 14. gr. reglugjörðarinnar nr. 67/1928, þykir hún samkvæmt 42. gr. áfengislaganna nr. 64/1928 hæfilega ákveðin handa hvoru þeirra um sig 600 króna sekt í ríkissjóð, sem aflánist með 30 daga einföldu fangelsi verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins.

Kostnað sakarinnar greiði hin kærðu in solidum.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 25. okt. 1929.

Nr. 91/1927. **Bjarni Kjartansson, f. h. Kaupfélags**

Skaftfellinga (Lárus Fjeldsted)
gegn

Lofti Jónssyni og gagnsök

(Guðmundur Ólafsson).

Verzlunarskuld, gagnkrafa eigi tekin til greina til frádráttar.

Dómur gestaréttar Skaftafellssýslu 3. sept.